

STJÓRNARTÍÐINDI A 22 — 1980

31. desember 1980.

333

Nr. 87.

BRÁÐABIRGÐALÖG um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að í sambandi við þær efnahagsráðstafanir, sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að grípa til beri brýna nauðsyn til þess að setja eftirfarandi bráðabirgðalög.

1. gr.

7. gr., 1. mgr. laga nr. 121 30. des. 1978 um kjaramál orðist svo:

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var fyrir 1. janúar 1981 til 1. maí 1981 nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Fyrsti málsliður ákvæðis til bráðabirgða í 33. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. orðist svo:

Vaxtaákvæðanir skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1981 verði komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

3. gr.

Við 36. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. bætist eftirfarandi ákvæði:

Stofna skal til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða.

4. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar miðað við verðlag í janúarbyrjun 1981. Heildarútgjöld vísitölnunnar þá skulu vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar hennar miðast við, og jafngilda því grunntölu 100 1. janúar 1981. Síðan skal vísitalan reiknuð miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember 1981, og eftir það fjórum sinnum á ári í sömu mánuðum, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt 1. málgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

5. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1981 skal greiða verðbætur á laun, eins og þau eru í ársbyrjun, í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar frá grunn-
tölu hennar í janúarbyrjun til febrúarbyrjunar 1981. Þó skulu verðbætur á laun
1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en orðið hefði samkvæmt
ákvæðum laga nr. 13 1979. Á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. júní, 1. sept. og
1. des. 1981 skal síðan greiða verðbætur á laun samkvæmt hlutfallslegri breytingu
á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. febr. til 1. maí, 1. maí til 1. ágúst, og 1. ágúst
til 1. nóv. 1981.

Við útreikning á breytingu vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt fyrstu
málsgrein skal miða við hana að frádregnum áfengis- og tóbakslíðum.

Verðbætur 1. júní, 1. september og 1. desember á þann hluta dagvinnulauna,
sem er yfir 725 þúsund krónur á mánuði, eða hliðstæð vikulaun og tímalaun, skulu
skerðast skv. ákvæðum 50. gr. laga nr. 13 frá 1979, og breyttist þessi viðmiðunartala
í samræmi við áorðna hækkun verðbótavísitölu.

6. gr.

Verðbætur á laun samkvæmt þessum lögum skulu reiknaðar með tveimur
aukastöfum. Kauplagnesfnd tilkynnir opinberlega hverju sinni, hvaða verðbætur
skuli greiddar á laun.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga
fyrir árið 1981, sem þar er gert ráð fyrir, eða í lánsfjáráætlun fyrir sama ár, telji hún
það nauðsynlegt. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir
með öðrum lögum en fjárlögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 70 20. nóvember 1967 um verðlagsuppbót
á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.